

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2020

2023/EES/22/15

frá 12. júní 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/761 frá 17. desember 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tiltekna tæknilega eftirlitsstaðla um verulega eignarhluta ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1437 frá 19. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgengi að upplýsingum sem reglur kveða á um á vettvangi Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815 frá 17. desember 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um forskriftir fyrir sameiginlegt rafrænt skýrslusnið ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 85.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2100 frá 30. september 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/815 að því er varðar uppfærslur á flokkunarfræði sem nota á fyrir sameiginlega rafræna skýrslusniðið ⁽⁴⁾.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 29da (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB):

„29db. **32015 R 0761**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/761 frá 17. desember 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tiltekna tæknilega eftirlitsstaðla um verulega eignarhluta (Stjútíð. ESB L 120, 13.5.2015, bls. 2).

29dc. **32016 R 1437**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1437 frá 19. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgengi að upplýsingum sem reglur kveða á um á vettvangi Sambandsins (Stjútíð. ESB L 234, 31.8.2016, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði bókar 1 við samning þennan, og ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi, ber að skilja vísanir til opinberra kerfa þannig að þær taki einnig til opinberra kerfa EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í framseldu reglugerðinni.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 120, 13.5.2015, bls. 2.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 234, 31.8.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 143, 29.5.2019, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 326, 16.12.2019, bls. 1.

29dd. **32019 R 0815**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815 frá 17. desember 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um forskriftir fyrir sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (Stjttíð. ESB L 143, 29.5.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 85, breytt með:

- **32019 R 2100**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2100 frá 30. september 2019 (Stjttíð. ESB L 326, 16.12.2019, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Að því er varðar EFTA-ríkin ber að skilja vísanir til fjárhagsára sem byrja 1. janúar 2020 eða síðar sem vísanir til fjárhagsára sem byrja 1. janúar 2021 eða síðar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2015/761, (ESB) 2016/1437, (ESB) 2019/815, sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 85, og (ESB) 2019/2100, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2020 frá 12. júní 2020 (°), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(°) Stjttíð. ESB L 4, 5.1.2023, bls. 61 og EES-viðbætur nr. 3, 5.1.2023, bls. 58.